



Til atvinnuveganefndar alþingis

Kirkjubæjarklaustri, 12. mars 2018
14.1/1603042

Efni: Umsögn Skaftárhrepps um mál nr. 179 á 148. Löggjafarþingi 2017-2018

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fjallaði um umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar alþingis dags. 26.02.2018 um tillögu ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku á 418. Fundi sínum þann 8. Mars sl. Eftirfarandi var bókað vegna málsins.

1603042 Tillaga ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku til umsagnar.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Sveitarstjórn bendir á að í 2. mgr. 4. gr. mætti skýra nánar hvers konar línulagnir átt er við. Einnig vill sveitarstjórn leggja áherslu á að ekki er samræmi í þingsályktun um aðgerðáætlun um orkuskipti nr. 18/146 þar sem sett eru fram markmið um orkuskipti til 2030 og áætlana Rarik um uppbyggingu 3 fasa dreifikerfis um landið sem nær til 2034. Huga þarf að leiðum og setja í stefnu stjórnvalda bæði að flýta þessum orkuskiptum enn frekar og láta þessi uppbyggingaráform tala saman.

Virðingarfyllst,
f.h. Skaftárhrepps,

Sandra Brá Jóhannsdóttir


Sandra Brá Jóhannsdóttir
sveitarstjóri